

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen, nr. 473/1985.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem borgarstjóra finnst tilefni til.

Höfuðstóllinn skal jafnan verðtryggður. Úthlutun skal fara fram á eða sem næst afmælisdegi Gunnars Thoroddsen.

11. gr. orðist svo:

Þegar starfsemi sjóðsins hættir, skulu eignir hans, hafi þeim ekki verið ráðstafað, renna til mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Jafnframt fellur úr gildi eldri auglýsing nr. 1316/2017.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 28. febrúar 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.